



**JÁKVÆÐNI
VIRÐING
SAMVINNA**

Skýrsla um innra mat Patreksskóli

Matsteymi Patreksskóla
Skýrsla fyrir árin 2018 til 2020

Júní 2020

Inngangur	2
Matsþættir	3
Innra mat Patreksskóla 2018-2020	4
Stjórnun og fagleg forysta 2018-2019	4
Heildstætt mat - Stjórnun og fagleg forysta	5
Nám og kennsla - árangur náms 2019-2020	5
Heildstætt mat - Nám og kennsla	6
Innra mat 2018-2020	7
Heildstætt mat - Innra mat	7
Umbóta skólaársins 2020-2021	8

Inngangur

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi í Patreksskóla í nóvember 2017. [Skýrsluna má sjá hér.](#) Ytra mats aðilar mátu stöðuna þá eins og hún birtist á þessari mynd.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og náms- aðstæður	Þátt. og ábyrgð nemenda	Náms- aðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórn- andinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skóla- námskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	skóladagur nemenda	þátt. foreldra í skólastarfi og upplýsinga- miðlun	Skipulag náms og náms- umhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðs- bundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklags- reglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvítund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	

RAUTT - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Í kjölfar ytra mats úttektar Menntamálastofnunnar varð til [umbótaáætlun](#) sem starfsfólk Patreksskóla vann eftir til vorsins 2019.

Í júní 2019 skilaði skólastjóri Patreksskóla mati á umbótaáætlun til Menntamálastofnunnar en innra mats teymi skólans lagði [mat á stöðu umbótanna. Sjá hér.](#) Umbótaþættirnir eru 23 og metur innramats teymið að 15 séu nú skær grænir (flestir eða allir þættir sterkir), 8 ljós grænir (meiri styrkleikar en veikleikar).

Úrbætur hafa nú staðið yfir í rúm tvö ár. [Í maí 2020 lagði innra mats teymi skólans aftur mat á stöðu umbóta í kjölfar ytra mats 2017](#) og lauk þannig heildar endurskoðun á þeim þáttum sem töldust ófullnægjandi. Þar að auki var farið kerfisbundið í alla þætti skólastarfsins og innra matið tekið í gegn, gæðaviðmið sett og heildarendurskoðun á fyrirkomulagi innra mats.

Heildarmat innra mats teymis Patreksskóla við lok skólaársins 2020 er þannig að nú er búið að endurskoða alla þætti innra matsins. Búið er að endurskipuleggja gerð starfsáætlunar og mat á henni sem styrkir stjórnunarþáttinn enn frekar, innra matið er búið að endurskipuleggja og vel á veg komið að vinna út frá gæðaviðmiðum skólans (nánar um innra mat), skólanámskrá hefur verið endurskoðuð í heild sinni - en enn er unnið að því að bæta gæði náms og kennslu,

námsaðlögun og fleira sem sjá má hér fyrir neðan. Frekari upplýsingar um gagnaöflun er í kafla um innra mat hér á eftir og í umbótaáætlunum hér að ofan.

Úrbótum í kjölfar ytra mats MMR 2017 er nú lokið. Gæðaviðmið hafa verið sett um mikilvægustu þætti skólastarfsins, stjórnun og faglega forystu, nám og kennsla og innra mat. Reglubundið innra mat mun tryggja stöðugar umbætur héðan í frá. Nýja innra mats skýrslu Patreksskóla er að finna á heimasíðu skólans.

Innra mats teymi Patreksskóla Patreksfirði júní 2020

Matsþættir

Nú vorið 2020 tók mat innra mats hópurinn stöðuna aftur og gaf hverjum matsþætti heildareinkunn líkt og gert er þegar ytra mat fer fram. Eftir að hafa safnað fjölbreyttum gögnum (gögn úr skýrslum, af heimasíðu skólans, með viðtölum, fundum) um stöðu skólans á þremur lykilþáttum innra mats þ.e. stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat:

Mikilvægt er að átta sig á því að viðmiðaflokkar MMS hafa verið uppfærðir og breytt lítillega frá því að ytra mats úttektin var gerð í Patreksskóla 2017. Það útskýrir hugtakamun og einföldun á heildarskema.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þáttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

RAUTT - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Heildarniðurstaðan er að 62% matsþátta (10/16) eru flestir eða allir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Við lok skólaársins 2020 - 2021 er stefnt á að 90% allra matsþáttanna verði flestir eða allir þættir sterkir.

Innra mat Patreksskóla 2018-2020

Samkvæmt [langtímaáætlun](#) Patreksskóla um innra mat var matsþátturinn **Stjórnun og fagleg forysta** tekinn fyrst fyrir, þá matsþátturinn **nám og kennsla** og síðast **innra mat**. Haustið 2019 hófst heildarendurskoðun á fyrsta matsþættinum, markmið sett og viðmið og gerð mjög ítarleg áætlun um innra mat. Lögð var áhersla á að skólinn myndi setja sér viðmið um gæðastarf og á sama tíma leitast við að leggja mat á matsþættina. Nýlegt ytra mat lá fyrir sem einfaldaði verkið.

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir það sem gert var eftir að viðmiðin höfðu verið lögð fram og hvernig innra mats teymi Patreksskóla metur niðurstöður út frá gæðaviðmiðum.

Stjórnun og fagleg forysta 2018-2019

Markmið og viðmið um gæðastarf við [Stjórnun og faglega forystu](#) var kynnt og samþykkt af kennurum skólans haustið 2019. Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um stjórnun og faglega forystu voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista og niðurstöður starfsþróunarsamtala.

- **Niðurstöður starfsmannakönnunar kynntar starfsmönnum** og ákveðið hvaða þættir þarfnast umbóta. Í ljósi þess hversu fáir starfsmenn eru í Patreksskóla er ekki hægt að stóla á tölfræðina eina og sér við að ákveða hvað fer í umbótaferli. Miðað var við að ef að 20% eða meira væru í neikvæðari kantinum þá þyrfti að ræða viðkomandi þátt við starfsmenn skólans og ákveða í sameiningu hvað þyrfti umbóta við.
- **Niðurstöður foreldrakönnunar kynntar starfsmönnum.** Í ljósi þess hversu fáir foreldrar svörðuðu könnuninni er ekki hægt að stóla á tölfræðina eina við að ákveða hvað þarfnast umbóta. Miðað var við að ef 30% foreldra væru óánægðir eða vissu ekki eða skildu viðkomandi matsþátt þá myndi innra mats hópurinn í samráði við starfsmenn ákveða hvað færi í umbótaferli.
- **Fundargerðir , starfsáætlanir og heimasíða** voru nýttar til að leggja mat á stöðu skólans gagnvart viðmiðum um stjórnun og faglega forystu.

Í kjölfarið var strax brugðist við vísbendingum um vanlíðan í starfi og skólastjóri með stuðningi sérfræðinga fór í vinnu með einstökum starfsmönnum. Þeim málum var lokið á vordögum og var meðal annars ástæðan fyrir því að það dróst að vinna úr gögnum og gera umbótaáætlun.

Á skólaárinu 2019 til 2020 varð eldra starfsmannamál til þess að stefna skólans um viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni starfsmanna var endurskoðuð í heild sinni. Gagnger endurskoðun var gerð í kjölfarið á skipulagi starfsmanna og starfsmannaaðstöðu í samvinnu og samstarfi við skólasálfræðing.

Sennilega hefði mátt fylgja úrbótum ítarlegar eftir í kjölfar foreldra og starfsmannakönnunar en segja má að starfsmannamál innan skólans hafi heltekið stofnunina.

Heildstætt mat - Stjórnun og fagleg forysta

Innra mats teymið tók fyrir áætlun um [Stjórnun og faglega forystu og lagði mat á](#) hvert atriði á vordögum 2020. Eins og þegar hefur komið fram teljast allir þættir **GRÆNIR** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun og fagleg forysta	
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting
Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna
Umbætur og innleiðingar breytinga	

Þetta er þó með fyrirvara um úrvinnslu á niðurstöðum á foreldrakönnun sem enn á eftir að setja í umbótaferli og fer í umbótaáætlun skólaársins 2020-2021.

Þegar þetta er ritað hefur verið ráðinn nýr skólastjóri Patreksskóla, í því ljósi er mikilvægt að á skólaárinu 2020 - 2021 verði aftur hafist handa við að leggja mat á stjórnunarþáttinn eins og kemur fram í umbótaáætlun.

Nám og kennsla - árangur náms 2019-2020

Á skólaárinu 2019 - 2020 voru eftirfarandi [gæðaviðmið um nám og kennslu](#) samþykkt á kennarafundi og nú þegar er unnið útfrá. Gagnaöflun og helstu verkefni voru eftirfarandi:

Lesferill, samræmd próf og aðrar samræmdar mælingar samkvæmt skimanaáætlun voru lagðar fyrir á skólaárinu eins og kostur var. Einhverjir hnökur urðu á framkvæmd skimana vegna samkomubanns en þó ekki verulegir.

Nýtt teymi leik- og grunnskólanna í Vesturbyggð var stofnað og á árinu voru haldnir þrjú fundir í nýju teymi. Beiðnir um sérfræðipjónstu eru teknar fyrir í teyminu og yfirsýn og eftirfylgni er nú sameiginlegt verkefni skólanna frekar en á borði hvers og eins. Sérfræðingar sitja fundina eftir þörfum. Ráðgjafi á vegum Tröppu hefur haft það verkefni að koma starfsháttum á og áætlað að hún sitji fundina á næsta ári til þess að festa starfshætti í sessi.

Spurningalisti lagður fyrir nemendur og kennara í maí 2020 sem unnin er útfrá kennslufræðilegri stefnu skólans og gæðaviðmiðum um nám og kennslu. Í spurningalistanum var einnig spurt um líðan. Spurningalistinn var lagður fyrir nemendur í 5.-10. bekk.

Í ljós komu vísbendingar um vanlíðan á meðal nemenda. Spurningalistinn var lagður fyrir nemendur þegar í kjölfar samkomubanns sem mögulega gæti skýrt niðurstöðuna að einhverju leyti. Mjög sterkar vísbendingar voru um að nemendur vissu ekki hvert þeir ættu að leita ef þeim liði illa og ákveðið var að taka strax viðtöl við nemendur og tryggja að þau vissu hvert þau ættu að snúa sér til að fá hjálp. Fulltrúi félagsþjónustunnar tók viðtal við alla nemendur í 5. bekk og upp úr. Náms- og starfsráðgjafi tók viðtal við nemendur í 10. bekk og lagði fyrir áhugasviðskönnun.

Frekari aðgerðir hefjast í haust samkvæmt umbótaáætlun næsta vetrar. Markmiðið er að líðan nemenda geti talist góð.

Heildstætt mat - Nám og kennsla

Innra mats teymið tók fyrir gæðaviðmið um [nám og kennslu](#) og lagði mat á hvern þátt. Eins og þegar hefur komið fram teljast allir þættir **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Innak náms - Endurskoðun á skólanámskrá er lokið. Námsvísar liggja fyrir og unnið kerfisbundið með þá. Útfærsla á aðalnámskrá liggur fyrir og allir þættir skólanámskrár liggja fyrir.

Árangur náms - Eðlilegar framfarir nemenda á milli mælinga og gripið inn í ef ekki. Þessi þáttur er á mörkunum að vera sterkur - auka þarf teymiskennslu, samábyrgð á námi nemenda, reglubundnu námsmati og þátttöku nemenda og foreldra í námsmati. Á næsta skólaári er áætlað að taka upp nemendastýrð foreldraviðtöl sem munu styrkja matsþáttinn **Árangur náms** verulega.

Varðandi aðra þætti, **skipulag náms, námsvitund, gæði kennslu og ábyrgð og þáttaka** hefur grunnurinn verið lagður á síðustu árum. Kerfisbundin gagnaöflun er hafin um gæði náms og kennslu og verður unnið með niðurstöður kennara og nemendakönnunar um gæði náms og kennslu næsta vetur. Kennslufræðileg stefna hefur verið lögð fram og er liður í faglegri umræðu innan skólans. Mikið hefur áunnist og grunnur hefur verið lagður að því að þeir sex þættir sem mynda þáttinn Nám og kennslu geti einkennst af mjög góðu verklagi og gæðastarfi. Markmið skólaársins 2020 til 2021 verður að a.m.k. 5 af 6 matsþáttum verði skær grænir.

Nám og kennsla	
Inntak og námskrá	Skipulag náms
Árangur náms	Námsvitund
Gæði kennslu	Ábyrgð og þáttaka

Innra mat 2018-2020

Á skólaárinu 2019 - 2020 voru eftirfarandi [gæðaviðmið um innra mat](#) samþykkt á kennarafundi og ákveðið að gera að viðmiðum skólans. Í kjölfar ytra mats hefur í rauninni verið unnið að

úrbótum með þessi viðmið í huga frá haustinu 2017. Stærsta breytingin er að nú vinnur starfsfólk skólans að því að koma starfsháttum nær gæðaviðmiðum skólans.

Hér á eftir fer mat á stöðu innra mats í Patreksskóla að loknu tveggja ára endurskoðunarferli. Gátlisti um innra mat var nýttur til að leggja mat á stöðuna.

Heildstætt mat - Innra mat

Innra mat
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

Innra mat í Patreksskóla hefur verið tekið til gagngerrar endurskoðunar og uppfyllir nú eftirfarandi skilyrði sem birtast í gátlista Menntamálastofnunar um innra mat.

Styrkleiki innra mats Patreksskóla nú er að gæðaviðmið liggja fyrir, fyrsta innra mats skýrslan er tilbúin og spurningalistar hafa verið lagðir fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk (nám og kennsla og stjórnun). Margt hefur áunnist og allt til alls svo að innra mat og vinna með gæðaviðmið megi verða sjálfsagður þáttur í skólastarfinu frekar en átak.

- Langtímaáætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann (3-5 ár) liggur fyrir.
- Langtímaáætlun endurspeglar að helstu þættir skólastarfsins eru metnir.
- Áætlun um innra mat fyrir viðkomandi skólaár liggur fyrir.
- Í gögnum um innra mat kemur fram hverjir bera ábyrgð á framkvæmd innra mats
- Skólinn gerir grein fyrir hvernig markmið í stefnu skólans eru metin (á líka við um markmið um kennsluhætti).
- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagna.
- Gagna er aflað með aðferðum er hæfa viðfangsefninu og þeim spurningum sem lagt er upp með.
- Nýlegar greinargerðir um innra mat eru aðgengilegar á heimasíðu skólans (fyrsta er tilbúin).
- Eldri greinargerðir um innra mat eru aðgengilegar á heimasíðu skólans (fyrsta er tilbúin).
- Umbótaáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans.
- Umbótaáætlun er tímasett og hún skilgreinir ábyrgðaraðila fyrir umbótunum.
- Tilgreint er í umbótaáætlun hvenær á að meta árangur aðgerða.
- Tilgreint er í umbótaáætlun hvernig á að meta árangur aðgerða.

Veikleikar innra mats er að innra mats teymið þarf að taka meiri forystu og ná eignarhaldi á viðfangsefninu. Innra mats teymið þarf stuðning við að gera innra matið að reglubundnum þætti í skólastarfinu.

- Festa starfshætti innra mats teymis betur í sessi

- Koma betra skipulagi á innra mat frá mánuði til mánaða og hvernig gögn eru meðhöndluð
- Skipuleggja og samþætta innra mat betur við nám og kennslu
- Fara betur yfir gæðaviðmið og snyrta til, enn eru þættir inni í gæðaviðmiðunum sem eiga ekki við Patreksskóla og laga þarf tímalínu.
- Samstarf má bæta

Umbóta skólaársins 2020-2021

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær/hvernig?	Viðmið um árangur
Nemendakönnun Nám og kennsla	Auka gæði náms og kennslu og komast nær kennslufræðilegum markmiðum skólans	Koma á kerfisbundnum stuðningi skólastjóra, mat á kennslu, jafningjamat	Ljúka fyrir maí 2021	Skólastjóri	Innra mats skýrsla vorið 2021	Sjá gæðaviðmið skólans - Nám og kennsla
Nemendakönnun Líðan Nám og kennsla	Tryggja góða líðan nemenda	Bregðast við með öllum tiltækum ráðum til að tryggja góða líðan nemenda	Fyrsti áfangi í september Annar áfangi í desember Þriðji áfangi í janúar Lokamat í maí	Skólastjóri Námsráðgjafi Félagsþjónusta	Fylgja strax eftir haustið 2020 - skoða gögn frá námsráðgjafa og félagsþjónustu vegna viðtala í maí 2020. Innra mats skýrsla vorið 2021	Sjá gæðaviðmið skólans - Nám og kennsla - Stjórnun og fagleg forysta
Kennarar Nám og kennsla	Auka gæði náms og kennslu	Koma á kerfisbundnum stuðningi skólastjóra, mat á kennslu, jafningjamat		Skólastjóri	Innra mats skýrsla vorið 2021	Sjá gæðaviðmið skólans - Nám og kennsla
Stjórnun og fagleg forysta	Kortleggja og endurmeta upplifun skólasamfélagsins af starfsemi skólans undir stjórn nýs skólastjóra	Spurningakönnun til skólasamfélagsins Endurkskoðun á starfsþróunarsamtölum	Ljúka fyrir maí 2021	Skólastjóri Trappa	Innra mats skýrsla vorið 2021	Sjá gæðaviðmið skólans - Stjórnun og fagleg forysta
Innra mat	Tengja betur innra mats teymi við daglegt starf skólans	Ítarleg starfsáætlun innra mats teymi lögð fram að hausti og unnið eftir allan veturinn	Ljúka fyrir maí 2021	Skólastjóri Trappa	Innra mats skýrsla vorið 2021	Sjá gæðaviðmið skólans - Innra mat
Nám og kennsla - árangur náms	Tengja betur árangur náms við innra mat	Ítarleg starfsáætlun innra mats teymi lögð fram að hausti og unnið eftir allan veturinn	Ljúka fyrir maí 2021	Skólastjóri Sérkennsla - Umsjónarkennarar Trappa	Innra mats skýrsla vorið 2021	Sjá gæðaviðmið skólans - Nám og kennsla - og innra mat